

Alþingi
Erindi nr. P 140/1352
komudagur 5.3.2012

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

5. mars 2012

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um rannsóknir á umfangi og nýtingarmöguleikum sjávarorku á Íslandi, 30. mál


Tillagan hljóðar þannig:

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að hefja vinnu við mat á umfangi og nýtingarmöguleikum sjávarorku við strendur Íslands, með áherslu á greiningu nýtingarkosta á þeim svæðum landsins sem ætla má að uppfylli hagkvæmnikröfur; jafnframt að byggja upp gagnagrunn um nýtingu sjávarorku og stuðla að framgangi tækniþróunar á þessu sviði. Einnig yrði kannað með hvaða hætti Ísland gæti orðið aðili að alþjóðlegu samstarfi um nýtingu sjávarorku.

Að mati Samorku er hér um mikilvægt verkefni að ræða og lýsa samtökin eindregnum stuðningi við tillöguna. Þótt Ísland sé þegar einstaklega ríkt af endurnýjanlegum orkugjöfum, líkt og fram kemur í athugasemdum með tillögunni, þá er ljóst að áframhaldandi vexti í nýtingu vatnsafls og jarðvarma eru takmörk sett og að í nýtingu sjávarorku geta falist miklir möguleikar í framtíðinni. Sum íslensk orkufyrirtæki hafa enda þegar tekið þátt í verkefnum á þessu sviði, en mjög æskilegt er að slík heildstæð úttekt fari fram. Líkt og fram kemur í athugasemdum með tillögunni eru dæmi um hérlenda aðila sem hafa haslað sér völl í þróun tækni á þessu sviði. Jafnframt kemur fram að víða erlendis er unnið að þróun slíkrar tækni. Að mati Samorku er slík yfirþæranleg tækniþróun hins vegar ekki best vistuð í fjárhagsáætlunum íslenskra orkufyrirtækja eða opinberra aðila hérlendis, þótt víða sé að sjálfsgöðu vilji til að eiga faglegt samstarf við aðila sem tekist hafa slíka tækniþróun á hönd.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,



Guðstaf Adolf Skúlason
aðstoðarframkvæmdastjóri